



Örverumengað neysluvatn – viðbrögð stjórnvalda og upplýsingar til almennings

Markmið:

Markmiðið er að tryggja samræmd viðbrögð stjórnvalda (samráðsaðila) og upplýsingagjöf til almennings, þegar grunur leikur á, eða í ljós kemur að neysluvatn sé örverumengað og uppfylli ekki kröfur reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.

Vatnsveitur eru matvælafyrirtæki samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 og bera ábyrgð á neysluvatni, sem þær dreifa og að upplýsa neytendur og heilbrigðiseftirlit, sé það ekki öruggt til neyslu.

Ábyrgð og samráðsaðilar:

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga (heilbrigðiseftirlit, HES), Matvælastofnun (MAST), sóttvarnalæknir (SVL), umdæmislæknar sóttvarna (yfirlæknar heilsugæslunnar, USVL), Umhverfisstofnun (UST). Sé um alvarlega, umfangsmikla mengun að ræða skal kalla til Stjórnskipaða samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS).

Viðbrögð:

Ef örverur greinast í neysluvatni, umfram viðmið reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn, skulu viðbrögð taka mið af 14. gr. reglugerðarinnar. Þar er fjallað um ábyrgð heilbrigðisnefndar sem skal rannsaka ástæður ef niðurstöður greininga vegna sýnatöku eftirlitsaðila sýna gildi yfir hámarksgildum og til hvaða aðgerða skuli gripið að höfðu samráði við samráðsaðila. **Endurtaka skal sýnatökuna**, nema ástæða mengunar sé ljós. Grípa skal til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að endurheimta vatnsgæði (ábyrgð vatnsveitna ef örsök örverumengunar er í dreifikerfi eða vatnsbóli en húseigenda ef örsökin er í lögnum húss). Virkja skal viðbragðsáætlun um auknar sýnatökur og fjölgun sýnatökustaða, á vatnstökustað og í dreifikerfinu, í þeim tilgangi að greina orsök mengunar og síðar í þeim tilgangi að staðfesta að dreifikerfið sé orðið hreint.

Ef grunur er um sjúkdóm vegna neyslu á örverumenguðu neysluvatni skal fylgja verklagi í [Leiðbeiningum um viðbrögð við matarbornum sjúkdómum](#).

- Greinist saurkokkar eða *E. coli* í 100 ml neysluvatns skal heilbrigðiseftirlit ávallt upplýsa viðkomandi neytendur.
 - Ef grunur vaknar um mengun af völdum *E. coli*** (t.d. ef rannsóknarstofa upplýsir að kólígerlar eru að ræktast í sýni) **eða saurkokka**: Heilbrigðiseftirlit tilkynnir það vatnsveitu (eða vatnsveitan tilkynnir heilbrigðiseftirliti). Metið er í hverju tilfelli hvort kalla þurfi til samráðsaðila og fer það eftir hugsanlegu umfangi mengunar. Sama gildir um upplýsingar til notenda.
 - Ef mengun af *E. coli* eða saurkókum er staðfest**: Heilbrigðiseftirlit, í samráði við Matvælastofnun, skal tafarlaust tilkynna notendum og heilbrigðisyfirvöldum á svæðinu og stöðva dreifingu eða takmarka notkun vatnsins. Samráðsaðilar (HES, MAST og SVL/USVL, e.t.v. UST) meta hver viðbrögð skulu vera og taka þau mið af því hve mengað vatnið er. Dæmi um ráðleggingu til notenda væri að sótthreinsa vatn með suðu (miða skal við að vatnið sjóði í a.m.k. eina mínútu) eða öðrum aðferðum.
 - Takmörkuð notkun eða bann við dreifingu neysluvatns stendur þar til tekin hafa verið sýni, sem sýna að mengunin er ekki lengur til staðar**. Heilbrigðiseftirlitið tilkynnir það notendum og samráðsaðilum.
- Ef aðrir kólígerlar en *E. coli* greinast í 100 ml, skulu samráðsaðilar (HES, MAST, SVL og e.t.v. UST) meta hvort heilsu manna sé hættu búin. Ef niðurstaðan er að svo sé þá skulu þeir ráðleggja notendum um aðgerðir s.s. að sjóða neysluvatn og skulu ráðleggingarnar taka mið af því hve mengað vatnið er.
- Ef heildargerlafjöldi sem ræktast við 22°C er á milli 100 og 500/ml en engin óeðlileg breyting er á öðrum rannsóknarþáttum s.s. gruggi og pH er ekki talið að heilsu manna sé hættu búin og því ekki þörf á opinberri tilkynningu. Fari fjöldinn yfir 500/ml skulu samráðsaðilar meta hvort þörf sé á ráðleggingum til notenda og ákveða tilhögun áframhaldandi sýnatöku.
- Ef *Clostridium perfringens* greinist í 100 ml (á við um yfirborðsvatn eða þar sem hættu er á mengun frá yfirborðsvatni) skal mæla sjúkdómsvaldandi örverur s.s. *Cryptosporidium* og samráðsaðilar meta hvort heilsu manna sé hættu búin.